

Siðareglur birgja

Tilgangur

Siðareglur þessar byggja á Mannréttindayfirlýsingú Sameinuðu þjóðanna og 10 grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna sem sett eru fram í UN Global Compact.

Landsvirkjun leggur áherslu á að afla aðfanga á ábyrgan hátt og eiga í góðum og virkum samskiptum við alla sem starfsemin snertir með virðingu og heiðarleika að leiðarljósi.

Hjá Landsvirkjun er lögð áhersla á að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar og draga úr þeim. Við stefnum að kolefnishlutleysi og vinnum markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, þar á meðal í virðiskeðju okkar.

Í siðareglunum koma fram þær kröfur sem við gerum til birgja okkar. Við ætlumst til að birgjar okkar fylgi þessum kröfum, eða að öðrum kosti eigin skriflegum siðareglum sem Landsvirkjun álíttur sambærilegar, og geri sömu kröfur til sinna birgja. Siðareglur þessar fela í sér lágmarksþröfur og Landsvirkjun áskilur sér rétt til að gera ítarlegri kröfur í samningum þar sem það á við.

Til að fylgja eftir siðareglum þessum áskilur Landsvirkjun sér rétt á að framkvæma mat á birgjum með hliðsjón af þessum siðareglum.

Gildissvið

Siðareglur þessar gilda fyrir alla birgja Landsvirkjunar. „Birgjar“ merkir hér þau fyrirtæki eða þá einstaklinga sem Landsvirkjun greiðir fyrir vöru, þjónustu eða verk.

Landsvirkjun gerir þá kröfu að birgjar fylgi þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra þar sem þeir starfa. Ef ekki er samræmi milli viðeigandi laga og/eða reglna og siðareglina þessara skal birgi tilkynna Landsvirkjun um slíkt.

Siðareglur birgja

Mannréttindi

Almennt

Landsvirkjun ætlast til þess að birgjar fyrirtækisins virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi sem sett eru fram í Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum sambærilegum alþjóðasáttmálum og undirgangist ákvæði Landsvirkjunar um keðjuábyrgð.

Vinna barna og ungmenna

Taka skal tillit til löggjafar um vinnu barna í viðkomandi landi varðandi lágmarksaldur barna sem ráðin eru til starfa, um vinnutíma þeirra og rétt til náms. Birgjar skulu ekki ráða börn undir lögaldri til að framkvæma vinnu sem ætla má að sé hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi.

Nauðungarvinna og nútímaþrælahald

Allar tegundir nauðungarvinnu og nútímaþrælahalds eru ósættanlegar. Birgjar skulu tryggja að vinna sem framkvæmd er af starfsfólki sé unnin af fúsum og frjálsum vilja án nauðungar af nokkru tagi. Birgjar skulu tryggja að öllu starfsfólki sé frjálst að segja upp vinna sinni og hætta með hæfilegum eða lögþundnum fyrirvara.

Laun og launakjör

Birgjar skulu greiða starfsfólki sínu sanngjörn laun sem skulu a.m.k. nema lágmarkslaunum eins og kveðið er á um í lögum og/eða kjarasamningum í viðkomandi landi. Birgjar skulu virða ákvæði kjarasamninga eða laga í viðkomandi landi um greiðslu fyrir yfirvinnu.

Birgjar skulu virða lög, reglur og ákvæði kjarasamninga um réttindi starfsfólks t.d. varðandi hvíld, lengd vinnutíma, orlof, veikindarétt og fleira. Birgjar skulu ávallt standa skil á lífeyrisiðgjöldum, opinberum gjöldum og öðrum gjöldum sem þeim ber að standa skil á fyrir hönd starfsfólks síns, í samræmi við ákvæði laga þar sem það á við.

Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga

Birgjar skulu viðurkenna rétt starfsfólks til félagafrelsins og gerð kjarasamninga samkvæmt lögum í viðkomandi landi. Sé réttur til félagafrelsins og/eða gerðra kjarasamninga takmarkaður samkvæmt lögum í viðkomandi landi er mælst til þess að birgjar heimili starfsfólki að kjósa sér fulltrúa til að verja rétt þeirra á vinnustað.

Jafnrétti og bann við mismunun

Birgjar skulu skapa starfsumhverfi sem einkennist af jafnrétti, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu og mismuna ekki fólk eftir kyni, kynþætti, trúarbrögðum, aldri, fötlun, kynhneigð, þjóðerni, stjórnálmaskoðunum eða öðrum þáttum. Birgjar skulu ekki mismuna starfsfólki eftir stéttarfélögum eða öðrum verkalýðshreyfingum.

Heilsa og öryggi

Birgjar skulu tryggja starfsfólki sínu heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi, fara eftir lögum og reglum viðkomandi lands um aðbúnað á vinnustað og sjá starfsfólki sínu fyrir viðeigandi þjálfun í öryggis- og vinnuverndarmálum. Birgjar skulu sjá til þess að starfsfólk þeirra hafi greiðan aðgang að leiðbeiningum á vinnustað þar sem farið er yfir, með fyrirbyggjandi hætti, hvernig forðast beri hættur á vinnustað og hvernig bregðast megi við ef slys ber að höndum. Þá skulu birgjar tryggja starfsfólki sínu viðeigandi þjálfun og aðgengi að nauðsynlegum öryggisbúnaði og fylgja eftir notkun hans.

Ábyrg starfsemi

Siðferði í viðskiptum

Landsvirkjun gerir kröfu um að birgjar starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, viðhafi gott siðferði í viðskiptum sínum og stundi viðskipti í samræmi við lög og reglur í viðkomandi landi.

Landsvirkjun ætlast til að birgjar starfi í samræmi við alþjóðlega viðurkennd viðmið um viðskiptasiðferði, m.a. í UN Global Compact, og fylgi lögum og reglum sem vinna gegn spillingu. Birgjar skulu ávallt vinna gegn spillingu, þar með talið mútum, kúgun og fjárvíkum. Birgjar skulu ekki bjóða eða biðja um, krefjast, lofa, veita eða þiggja hverskyns fjárhagslegan hvata eða umbun sem viðkomandi á ekki tilkall til, með beinum eða óbeinum hætti, fyrir sjálfa sig eða aðra, til þess að fá viðkomandi til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem fer í bága við starfsskyldur viðkomandi. Mútur geta verið í formi peninga, gjafa, láns, gjalda, gestrisni, þjónustu, afsláttar eða annars konar ávinnings.

Hagsmunaárekstrar

Landsvirkjun gerir kröfu um að birgjar forðist hverskonar hagsmunaárekstra í viðskiptum sínum við Landsvirkjun. Með hagsmunaárekstrum er til dæmis átt við þegar fulltrúi birgja, vinir hans eða skyldmenni hafa eða geta haft persónulega hagsmuni af viðskiptunum sem um ræðir. Telji birgjar að um mögulegan hagsmunaárekstur sé að ræða skal undantekningalaust vekja athygli Landsvirkjunar á slíku.

Umhverfi og loftslag

Landsvirkjun gerir þá kröfu að birgjar þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitist við að draga úr þeim með ábyrgum og markvissum hætti. Landsvirkjun væntir þess að birgjar sínir grípi til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni, þ.m.t. í virðiskeðju sinni, með markvissum hætti.

Ábendingarleið

Verði einhver í hópi birgja, starfsfólk birgja eða aðrir aðilar, vör við að ekki sé farið eftir siðareglum þessum eða að Landsvirkjun hagi sér ekki í samræmi við siðareglur þessar, hvetur Landsvirkjun til þess að slíkum ábendingum sé komið á framfæri í gegnum ábendingarleið Landsvirkjunar. Allar ábendingar eru metnar sérstaklega og metið hvort tilefni er til nánari athugunar.



Viðbrögð við frávikum

Landsvirkjun ætlast til þess að birgjar sínr bregðist við með viðeigandi hætti fái þeir ábendingu um eða verði varir við eitthvað í starfsemi sinni sem telst fara í bága við ákvæði siðareglna þessara eða sambærilegra reglna. Alvarlegt brot gegn siðareglum þessum, og/eða viðvarandi brot, án þess að bætt sér úr, getur leitt til þess að bundinn verði endi á viðskipti við viðkomandi aðila og samningi eftir atvikum rift.

20. febrúar 2023

Stjórn Landsvirkjunar

Ásthildur Þingadóttir
Stjórn Landsvirkjunar
Sofr. Ordinat. Cd.
Jón Ólafur Þorsteinsson

$$\frac{d}{dt} \left(\frac{\partial \mathcal{L}}{\partial \dot{x}_i} \right) = \frac{\partial \mathcal{L}}{\partial x_i} + \frac{d}{dt} \left(\frac{\partial \mathcal{L}}{\partial \dot{x}_i} \right)$$